

Laugardagskvöldið 15. ágúst 2015 kl. 20:30 var haldinn fundur í fjallskilastjórn Víðdælinga að Stórhóli.

1. Rætt um framkvæmdaratriði. Það þarf að endurnýja ræsi á milli Kolugils og Hrappsstaða. Ákveðið að senda flaghefil fram að austan til að laga ákveðna kafla þar sem runnið hefur úr vegi, eins þarf að grjóthreinsa með handafli. Ákveðið að fresta uppgreftri á skurði fram við Hvarfsvísl til næsta árs en freista þess að fá aukna hlutdeild í fé til styrkvega. Stefnt á að fá jarðýtu fram fyrir heiðargirðingu til að lyfta veginum upp.
2. Rætt um málningu á rétt og viðhald skála.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson

Maríanna Eva Ragnarsdóttir  
Sigtryggur Sigurvaldason